

53. Fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar miðvikudaginn 20. ágúst 2008, kl. 17:00.

Formaður bæjarráðs, Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson setti fundinn. Arnar Þór Sævarsson, bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.

Dagskrá:

1. Fundargerðir:
 - a) Byggðasamlags um menningar-og atvinnumál frá 8. júlí 2008
 - b) Fundargerð Byggðasamlags um Tónlistarskóla frá 14. ágúst 2008
 2. Umsóknir um námsvist utan lögheimilissveitarfélags
 3. Erindi frá Tónlistarskólanum á Akureyri frá 31. júlí 2008
 4. Bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 11. ágúst
 5. Erindi frá eigendum mótorkrosshjóla á Blönduósi frá 14. júlí 2008
 6. Önnur mál
-

Afgreiðslur:

1. Fundargerðir:
 - a) Byggðasamlags um menningar-og atvinnumál frá 8. júlí 2008
Lögð fram til kynningar.
 - b) Fundargerð Byggðasamlags um Tónlistarskóla frá 14. ágúst 2008
Lögð fram til kynningar.

Lögð voru fram drög að Reglugerð fyrir Tónlistarskóla Austur-Húnavetninga og fjárhagsáætlun fyrir árið 2008.

Bæjarráð samþykkir samhljóða fyrirliggjandi drög og fjárhagsáætlun.
2. Umsóknir um námsvist utan lögheimilissveitarfélags
Fært í trúnaðarbók
3. Erindi frá Tónlistarskólanum á Akureyri frá 31. júlí 2008
Afgreiðslu málsins frestað. Bæjarstjóra falið að athuga málið frekar.
4. Bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 11. ágúst
Allsherjarþing Evrópusamtaka sveitarfélaga, CEMR, er haldið þriðja hvert ár. Næst verður það haldið í Málmey, 22.-24. apríl 2009 undir yfirskriftinni „fit for the future“ How Europe's local and regional governments are preparing.

Lagt fram til kynningar.
5. Erindi frá eigendum mótorkrosshjóla á Blönduósi frá 14. júlí 2008
Eigendur mótorkrosshjóla á Blönduósi fara fram á afnot af landi Blönduóssbæjar til íþróttaiðkunar á mótorkrosshjólum. Horft er til nokkurra svæða í því sambandi.

Bæjarstjóra falið að ræða við forsvarsmenn mótorkrossíþróttarinnar á Blönduósi með hugsanlegt samstarf og staðsetningu í huga.

6. Önnur mál

a) Skólamötuneyti

Bæjarstjóri fór yfir gjaldskrá skólamötuneytis.

Bæjarráð samþykkir að verð til foreldra haldist óbreytt fram að áramótum með því að Blönduóssbær taki á sig verðlagshækkanir sem orðið hafa.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið 18:20

Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson(sign.)

Héðinn Sigurðsson(sign.)

Kári Kárason(sign.)

Áheyrnarfulltrúi:

Þórdís Hjálmarsdóttir(sign.)

Arnar Þór Sævarsson(sign.)